

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 26. apríl 2021 vegna kynningar á skipulagslýsingu fyrir gerð nýs deiliskipulags fyrir þriðja áfanga Arnarnesvegjar.**

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna kynningar á skipulagslýsingu fyrir gerð nýs deiliskipulags fyrir þriðja áfanga Arnarnesvegjar, birtist í Fréttablaðinu laugardaginn 24. apríl sl. Kynningin stendur til og með 25. maí 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/arnarnesvegur>

**Deiliskipulag Arnarnesvegjar, 3. áfanga, frá Rjúpnavegi í Kópavogi að Breiðholtsbraut í Reykjavík. Skipulagslýsing.**

Vakin er athygli á því að nú stendur yfir í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, kynning á skipulagslýsingu fyrir gerð nýs deiliskipulags fyrir þriðja áfanga Arnarnesvegjar. Skipulagslýsingin nær til hluta Arnarnesvegjar frá gatnamótum Arnarnesvegjar og Rjúpnavegjar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegjar og veghelgunarsvæða hans. Hluti veghelgunarsvæðis Arnarnesvegjar er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur en stærsti hluti vegarins liggur innan sveitafélagsmarka Kópavogs. Arnarnesvegur sem liggur innanmarka skipulagssvæðisins sem er rúmir 19 ha að stærð er 1,9 km að lengd. Í skipulagslýsingunni koma m.a. fram helstu áherslur við fyrirhugaða deiliskipulagsgerð, upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnur, tengsl við aðrar áætlanir, fyrirhugað skipulagsferli svo og um kynningu og samráð.

Ofangreind verkefnalýsing er aðgengileg á heimasíðum sveitafélaganna, <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu> og <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu>. Ef óskað er nánari upplýsinga um skipulagslýsinguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar umhverfissviðs Kópavogsbæjar á netfangið [skipulags@kopavogur.is](mailto:skipulags@kopavogur.is), og starfsfólk skipulagsdeildar Reykjavíkurborgar á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is). Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsfulltrúans í Reykjavík eða skipulagsfulltrúans í Kópavogi eða á netföngin [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is) og [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is) eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 25. maí 2021.

Kveðja,  
Þuríður Guðmundsdóttir  
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa skipulagsfulltrúa  
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík  
Sími: 411-1111 - Netfang: [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)